

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. mars 2023 í máli nr. 71/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. september 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi framkvæmt viðgerð á bifreið sinni án samþykkis. Krefst sóknaraðili endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar að hluta. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 12. september 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boðið ítrekað með ábyrgðarbréfi sem móttækið var af varnaraðila 8. desember 2022. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 24. janúar 2023. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 30. janúar 2023. Athugasemdir varnaraðila bárust 2. febrúar 2023.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, reikningur dags. 30. ágúst 2022, yfirlit yfir greiðslur sóknaraðila til varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 28. mars 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum máls kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við að skipta út stýrisendum og neðri spindlum í bifreið sóknaraðila sem og við viðgerð á handbremsum hennar. Eftir að viðgerð hófst hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og upplýsti um að frekari viðgerða væri þörf. Greinir aðila á um hvaða frekari viðgerðir varnaraðili upplýsti um og sóknaraðili samþykkti. Þann 30. ágúst 2022 gaf varnaraðili út reikning vegna þjónustu sinnar að fjárhæð 480.596 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Hefur sóknaraðili greitt reikninginn að fullu með fyrirvara um réttmæti hans.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvaða frekari viðgerðir aðilar hafi samið um að varnaraðili myndi framkvæma á bifreiðinni. Kveðst sóknaraðili ekki hafa fallist á allar þær viðgerðir sem gerðar hafi verið og krefst lækkunar á reikningi varnaraðila. Varnaraðili heldur því fram að sóknaraðili hafi veitt samþykki sitt fyrir öllum viðgerðum sem framkvæmdar hafi verið og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila símleiðis um miðjan ágúst 2022 og óskað eftir þjónustu hans við tilteknar viðgerðir á bifreið sinni. Hafi sóknaraðili jafnframt óskað eftir því að koma með eigin varahluti sem notaðir skyldu við þjónustuna en um hafi verið að ræða neðri spindilkúlur að framan, stýrisendar og handbremsuborðar báðum megin ásamt gormasettum sem þeim hafi fylgt. Hafi varnaraðili fallist á það og tekið við bifreiðinni þann 21. ágúst 2022. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili haft samband tveimur dögum síðar og upplýst sóknaraðila um að afturdiskar í bremsum væru ónýtir. Hafi varnaraðili spurt sóknaraðila hvort hann ætti að skipta um þá ásamt því að skipta um handbremsubarka báðum megin. Kveðst sóknaraðila hafa samþykkt það. Hafi bifreiðin væri tilbúin til afhendingar nokkrum dögum síðar. Hafi varnaraðili þá upplýst sóknaraðila að hann hafi skipt um gorm, dempara, stífu vinstra megin að aftan, efri spindilkúlur að framan, allar bremsudælur, bremsudiska og klossa allan hringinn ásamt festingum fyrir dælurnar og pinnum fyrir bremsurnar. Þá hafi verið framkvæmd hjólastilling á bifreiðinni.

Sóknaraðili byggir á því að hafa ekki veitt varnaraðila leyfi fyrir öllum þeim viðgerðum sem varnaraðili hafi framkvæmt á bifreiðinni. Sóknaraðili kveðst vera nýútskrifaður bifvélavirki og hefði til að mynda sjálfur viljað skipta um bremsurnar. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi gefið út reikning þann 30. ágúst 2022 fyrir þjónustu sína, að fjárhæð 480.596 krónur. Samkvæmt útreikningi sóknaraðila hafi kostnaður vegna viðgerðarinnar átt að vera að hámarki 140.735 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Hafi viðgerðarkostnaðurinn því verið mun hærri en sóknaraðili hafi gert ráð fyrir.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa reynt að leita sátta við varnaraðila án árangurs. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili viðurkennt nokkrum sinnum í samskiptum þeirra að hann hefði átt að hringja og spyrja sóknaraðila um leyfi fyrir frekari viðgerðum en hafi sagst ekki hafa haft tíma til þess. Þá hafi varnaraðili hafnað þeirri ósk sóknaraðila að taka út þá varahluti sem hann hafi ekki haft leyfi til að skipta um og setja þá gömlu þeirra í stað. Sóknaraðili kveðst hafa skoðað gömlu varahlutina og hafi þeir flestir verið nothæfir. Aðspurður um hvers vegna varnaraðili hafi skipt um fleiri varahluti en sóknaraðila hafi óskað eftir hafi varnaraðili fullyrt að hann hefði gert það í þeim tilgangi að gera bifreiðina tilbúna fyrir bifreiðaskoðun. Sóknaraðili kveðst ekki hafa beðið varnaraðila um það.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi upplýst hann í aðdraganda þjónustu að tilgangur viðgerðar á bifreiðinni hafi verið sá að hún myndi standast bifreiðaskoðun. Þá kveðst varnaraðili ekki hafa fengið tækifæri til að skoða bifreiðina áður hún hafi verið afhent til viðgerðar þann 21. ágúst 2022.

Varnaraðili bendir á að meðan á viðgerð hafi staðið hafi komið í ljós að til þess að ná framangreindu markmiði og gera bifreiðina ökuhæfa hafi þurft að huga að fleiri atriðum. Hafi bremsur að aftan verið ónýtar, þ.e.a.s. handbremsubarkar fastir, bremsudiskar ónýtir og dælur fastar. Einnig hafi skífa í vinstra afturhjól verið brotin sem og burðargormur sömu megin að aftan. Þá hafi komið í ljós við viðgerð á stýrisendum og neðri spindlum að efri spindlar hafi reynst mjög slitnir og engan veginn skoðunarhæfir eins og bremsur að framan. Telur varnaraðili að bifreiðin hefði ekki staðist skoðun án viðgerða á framangreindum íhlutum.

Varnaraðili kveðst hafa haft samband við sóknaraðila símleiðis þegar ástand bifreiðarinnar hafi komið í ljós. Hafi sóknaraðili þá staðfest að tilgangur viðgerðarinnar hafi verið sá að koma bifreiðinni í gegnum bifreiðaskoðun auk þess sem sóknaraðili hafi samþykkt tillögur varnaraðila um frekari viðgerðir.

Að sögn varnaraðila hafi ekkert verið gert umfram það sem nauðsynlegt hafi verið til að gera bifreiðin skoðunarhæfa. Þá telur varnaraðili að bifreiðin hafi ekki verið örugg til aksturs vegna ástands hennar, þ.e. brotinn burðargormur, slitinn hjólastilliskífa, skemmdir bremsudiskar, fastar bremsudælur og mjög slitnar efri spindilkúlur. Sé það skylda varnaraðila að tryggja að bifreið sem tekin sé til viðgerðar fari ekki af verkstæði hans þannig að hún gæti talist hættuleg í umferðinni.

Varnaraðili vísar til þess að öll samskipti aðila í aðdraganda viðgerðar og á meðan á henni hafi staðið hafi verið fram í gegnum síma. Þá hafi sóknaraðili skilið bifreiðina eftir á verkstæði varnaraðila þann 21. ágúst 2022 án þess að ræða við viðgerðaraðila.

Varnaraðili kveðst hafa gefið út reikning þann 30. ágúst 2022 að fjárhæð 480.596 krónur og komi sundurliðun á verkliðum fram í honum. Hafi sóknaraðili gert athugasemdir við reikninginn í kjölfarið og fullyrt að verkið hafi átt að kosta 140.735 krónur með virðisaukaskatti. Varnaraðili telji þá fjárhæð með öllu órökstudda og fjarri öllu lagi þó aðeins væri litið til þess kostnaðar sem hafi hlotist af því að skipta um þá varahluti sem sóknaraðili hafi útvegað og komið með. Varnaraðili kveðst hafa farið yfir reikninginn með sóknaraðila og veitt skýringar á því hvað lægi að baki hverjum lið. Hafi varnaraðili talið að allt sem framkvæmt hafi verið væri samkvæmt samkomulagi aðila og reikningurinn því í samræmi við það. Hafi varnaraðili boðið sóknaraðila að skipta greiðslunni upp og hafi sóknaraðili þegið það. Hafi sóknaraðili greitt greiðslukröfu varnaraðila með þremur greiðslum og hafi lokagreiðsla borist frá sóknaraðila þann 30. nóvember 2022. Með þeirri lokagreiðslu hafi varnaraðili talið að máli þessu væri lokið og að aðilar hafi skilið í fullri sátt.

Varnaraðili byggir á því að með samkomulagi og greiðslu reiknings hafi allur ágreiningur aðila fallið niður og vísar í því sambandi til úrskurðar kærunefndarinnar í máli nr. 55/2021. Þá ber varnaraðili því við að hafa gætt að ákvæðum 6. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup þegar hann hafi tilkynnt sóknaraðila um ástand bifreiðarinnar. Hafi sóknaraðili samþykkt að ljúka skyldi viðgerðinni með þeim hætti sem varnaraðili hafi lagt til. Hafi það verið gert í samræmi við ákvæði 4. gr., 1. og 5. tölul. 9. gr. laganna.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili að hafa ekki beðið varnaraðila um að sjá til þess að bifreiðin yrði skoðunarhæf. Hafi sóknaraðili sjálfur ætlað að sá til þess enda útskrifaður bifvélavirki. Þá vísar sóknaraðili til þess að aðeins hafi átt að skipta um fyrrnefnda varahluti sem sóknaraðili hafi útvegað en sóknaraðili hafi ekki haft aðstöðu til þess að skipta um þá sjálfur.

Sóknaraðili kveðst hafa fallist á að afturbremsur yrðu lagaðar en engar frekari viðgerðir enda hafi varnaraðili ekki upplýst sóknaraðila um að annað væri ábótavant. Sóknaraðili hafi vitað að hann þyrfti að huga að öðrum atriðum síðar til að fá bifreiðina í gegnum bifreiðaskoðun en á þessum tímapunkti hafi sóknaraðili hvorki haft aðstöðu né tíma til þess að sinna þessum atriðum. Sóknaraðili bendir á að ekki hafi verið þörf á því að skipta um efri spindla þar sem sóknaraðili hafi sjálfur

skipt um þá árinu áður. Varnaraðili hafi fyrst upplýst hann um allar þær athugasemdir sem hann hafi haft við bifreiðina þegar búið hafi verið að skipta um allt saman. Sóknaraðili tekur undir með varnaraðila að viðgerðaraðili skuli aldrei hleypa hættulegri bifreið út í umferðina. Varnaraðili hafi þó borið skylda til að gefa sóknaraðila tækifæri til að taka ákvörðun um hvort gera skyldi við bifreiðina eða ekki. Hafi varnaraðili aldrei upplýst sóknaraðila í samtölum þeirra að bifreiðin væri óörugg.

Sóknaraðili vísar til þess að kostnaður við umþrætta viðgerð hafi verið meiri en virði bifreiðarinnar. Sóknaraðili hefði viljað fá tækifæri til að koma á fund varnaraðila áður en frekari viðgerðir yrðu framkvæmdar eða fá skriflegan tölvupóst sendan um öll þau atriði sem varnaraðili taldi að gera þyrfti við og þannig fengið betra færi á að taka ákvörðun um frekari viðgerðir í kjölfarið.

Sóknaraðili ítrekar að samkvæmt útreikningi hans hefði kostnaður við viðgerð varnaraðila átt að vera alls 140.735 krónur. Sóknaraðili bendir þó á að sú fjárhæð gæti vel flöktað lítillega en ætti aldrei að fara yfir 200.000 krónur.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa vitað að meðferð kvörtunar hans hjá Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa gæti tekið tíma og hafi hann því greitt reikninginn með fyrirvara um réttmæti hans í stað þess að lenda í vanskilum í heimabanka.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 6. gr. laga nr. 42/2000 hafi varnaraðila borið skylda til að láta sóknaraðila vita ef viðgerðarkostnaður yrði verulega hærrí en það sem upprunaleg viðgerð hafi átt að kosta. Það eina sem sóknaraðili hafi fallist á að vanaraðili myndi gera frekar við hafi verið afturbremsur bifreiðarinnar. Hafi viðgerð á þeim ekki átt að hafa verulegan viðbótarkostnað í för með sér fyrir sóknaraðila. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt fyrrnefndu ákvæði laganna.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum kveðst varnaraðili áréttta að hann hafi framkvæmt viðgerðir á bifreiðinni samkvæmt fyrirmælum sóknaraðila í upphafi og eftir að hafa rætt við hann símleiðis eftir að viðgerð hafi hafist. Að sögn varnaraðila séu fullyrðingar sóknaraðila um annað rangar og ósannaðar. Skýringar sóknaraðila um að hann hafi ætlað sjálfur að annast hluta viðgerðanna hafi verið varnaraðila ókunnar þar til nú. Hafi sóknaraðili ætlast til þess að viðgerðir yrðu takmarkaðar við ákveðna þætti hafi honum borið að upplýsa varnaraðila um það með skýrum hætti. Það hafi sóknaraðili hins vegar ekki gert og hafi varnaraðili því lokið viðgerðum í samræmi við óskir sóknaraðila.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,

2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við viðgerð á bifreið hans. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 1. tl. 1. gr. laganna.

Kærunefndin telur að 4., 6., 7. og 8. gr. laganna eigi við í málinu en ákvæðinu eru svohljóðandi:

4.gr. Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

6. gr. Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi. [...]

7. gr. Seljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Af framangreindum ákvæðum leiðir að seljandi hefur leiðbeiningarskyldu að gegna en markmið ákvæðanna er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda og stuðla að því að seljandi þjónustu og kaupandi ræði saman um þau verk sem vinna skal og komist að samkomulagi um það hvað eigi að gera í hverju einstöku tilviki. Í þeim tilvikum sem seljanda verður ekki ljóst að aukinn kostnaður muni fylgja verki fyrr en verkið er hafið, ber seljanda að tilkynna neytanda um slíkt þegar það kemur í ljós, og óska eftir fyrirmælum um frekari vinnu. Í þeim aðstæðum á neytandi rétt á að afpanta þjónustuna eða óska eftir frekari vinnu seljanda.

Fyrir liggur að aðilar máls gerðu ekki skriflegan samning um framkvæmd verksins og umfang þess. Þá liggur fyrir að varnaraðili skoðaði bifreiðina ekki fyrir viðgerðina. Það er þó óumdeilt að upphaflega sömdu aðilar sín á milli um að varnaraðili skipti út öllum stýrisendum og neðri spindilkúlum í bifreiðinni auk þess að gera við handbremsur bifreiðarinnar. Lagði sóknaraðili til varahluti vegna viðgerðarinnar. Ekki verður ráðið af gögnum máls að aðilar hafi rætt um verð fyrir þjónustuna. Varnaraðili hafði síðan samband við sóknaraðila eftir að viðgerð hófst

og upplýsti hann um að frekari viðgerða væri þörf. Greinir aðila á um hvaða frekari viðgerðir sóknaraðili samþykkti. Byggir sóknaraðili á því að hafa samþykkt viðgerðir á afturbremsum bifreiðarinnar og handbremsubörkum. Varnaraðili vísar hins vegar til þess að eftir að hin umsamda viðgerð hafi hafist hafi komið í ljós að til þess að ná því markmiði viðgerðarinnar að gera bifreiðina skoðunarhæfa hafi þurft að huga að fleiri atriðum en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. Kveðst varnaraðili hafa haft samband við sóknaraðila umsvifalaust og hafi sóknaraðili samþykkt tillögur varnaraðila um frekari viðgerðir. Að mati varnaraðila hafi þurft að gera við bremsur bifreiðarinnar sem hafi verið ónýtar, þ.e.a.s. handbremsubarkar hafi verið fastir, bremsudiskar ónýtir og bremsudælur fastar. Þá hafi verið brotin skífa í afturhjól ásamt brotnum burðargorm vinstra megin að aftan. Loks hafi komið í ljós að efri spindlar væru einnig slitnir og hafi því þurft að skipta þeim út.

Eins og að framan greinir hvílir á seljanda þjónustu sú skylda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ef seljanda verður ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en verk er hafið ber honum samkvæmt 6. gr. þkpl. að tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um verkið. Ákvæði 8. gr. þkpl. fjallar um viðbótarverk og telur kærunefndin að ákvæðið eigi við um þau frekari verk sem varnaraðili framkvæmdi við bifreiðina. Mælir ákvæðið fyrir um tilkynningarskyldu seljanda ef vinna þarf viðbótarverk sem eru ekki talin felast í upphaflegu samkomulagi aðila, og er svohljóðandi:

8. gr. Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk. Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,
2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.

Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

Sönnunarbyrðin um að varnaraðili hafi tilkynnt sóknaraðila um öll þau viðbótarverk sem framkvæmd voru á bifreiðinni eftir að viðgerð hófst hvílir á varnaraðila sjálfum. Gegn mótmælum sóknaraðila verður ekki talið að varnaraðili hafi sýnt fram á að hafa upplýst sóknaraðila og fengið samþykki hans fyrir viðgerðum á bremsum að framan, dempara, efri spindlum og framkvæmd á hjólastillingu. Óumdeilt er þó að sóknaraðili féllst á að viðgerð yrði framkvæmd á aftari bremsum bifreiðarinnar og handbremsubarka en kostnaður vegna þeirrar vinnu var ekki ræddur milli aðila.

Samkvæmt reikningi frá varnaraðila, dags. 30. ágúst 2020, krafðist varnaraðili greiðslu á alls 480.596 krónur fyrir þjónustu sína og varahluti. Sundurliðast reikningurinn með eftirfarandi hætti:

Vöruheiti	Magn	Ein.verð	Upphæð
Bremsudæla framan	2,00	19.808	39.616

Bremsudæla aftan	2,00	19.593	39.186
Pinnasett bremsur ofl.	1,00	2.969	2.969
Stífa v/mn aftan	1,00	11.045	11.045
Vinna	12,00	11.428	137.136
Trygging	12,00	190	2.280
Hjólastilling	1,00	19.516	19.516
Sendingarkostnaður	1,00	3.226	3.226
Handbr barki	1,00	4.760	4.760
Handbr barki	1,00	3.987	3.987
Efri spindill (klafin complet) b/m	2,00	17.864	35.728
Dempari m/gorm v/m aftan	1,00	32.824	32.842
Bremsuklossar aftan	1,00	6.402	6.402
Bremsuklossar framan	1,00	7.656	7.656
Bremsudiskur framan	2,00	10.016	20.032
Bremsudiskur aftan	2,00	10.598	21.196

Samtals nema ofangreindir liðir 387.577 krónum án virðisaukaskatts. Fjárhæð virðisaukaskatts er tilgreind í reikningi 93.019 krónur. Alls er greiðslukrafa varnaraðila 480.596 krónur. Hefur sóknaraðili greitt reikninginn með fyrirvara um réttmæti hans.

Kærunefndin telur að á varnaraðila, sem fagaðila, hafi hvílt upplýsingaskylda gagnvart sóknaraðila varðandi bæði umfang og þann kostnaðarauka sem skapaðist við öll þau viðbótarverk sem framkvæmd voru. Hefur varnaraðili ekki fært sönnun fyrir því að hafa sinnt framangreindri upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila varðandi allar þær viðgerðir sem hann fór í. Meginreglan er sú að neytanda ber ekki að greiða hærrí fjárhæð en nemur því er hann hefði þurft að greiða seljanda ef hann hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hálfu seljanda. Hafi varnaraðila því verið rétt samkvæmt 6. gr. þkpl. að veita sóknaraðila upplýsingar um að kostnaður mundi hækka verulega vegna viðbótarverkanna.

Sóknaraðili vísar til þess í kvörtun sinni að vera nýútskrifaður bifvélavirki. Þar af leiðandi kveðst sóknaraðili hafa viljað framkvæma sjálfur einhverjar af þeim viðgerðum sem varnaraðili hafi framkvæmt án samþykkis sóknaraðila enda hefði það verið mun ódýrara fyrir sóknaraðila. Með vísan til framangreinds má ætla að sóknaraðili hefði dregið sig úr samningnum ef varnaraðili hefði sinnt upplýsingarskyldu sinni nægjanlega gagnvart sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt útreikningum hafi þjónusta varnaraðila átt að kosta 140.735 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Engin gögn eru þó lögð fram þessu til stuðnings og hefur kærunefndin því engar forsendur til að taka afstöðu til þessarar fullyrðingar sóknaraðila.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur kærunefndin að sóknaraðila beri að greiða varnaraðila fyrir vinnu við bifreiðina með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir samkvæmt 6., 7. og 8. gr. þkpl. Í því sambandi verður að líta til þeirrar vinnu sem varnaraðili raunverulega innti að hendi og verður að taka tillit til þess að þjónustan og keypt efni hafði í för með sér ákveðna verðmætaaukningu fyrir sóknaraðila. Horfa verður til þess að sóknaraðili hefði að líkindum dregið sig út úr samningnum á því stigi og séð um þær framkvæmdir sem eftir stóðu sjálfur enda lærdur bifvélavirki.

Kærunefndinni þykir rétt að sóknaraðili greiði efniskostnað sem hann hefði enda þurft að greiða. Samkvæmt útgefnum reikningi varnaraðila er krafist greiðslu

fyrir vinnu í 12 klukkustundir að fjárhæð 137.136 krónur auk virðisaukaskatts að fjárhæð 32.913 krónur, alls 170.049 krónur. Engin frekari sundurliðun er á reikningi varnaraðila hvað vinnulið hans varðar. Líkt og áður hefur verið greint frá er kveðið á um í 7. gr. þkpl. að: "*[s]eljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlags kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt*".

Að mati kærunefndarinnar er hæfilegt að sóknaraðili greiði varnaraðila fyrir sex klukkustunda vinnu. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 85.024 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal endurgreiða sóknaraðila, X, 85.024 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson